

## Tryggingarskilmálar

Tryggingarskilmálar þessir beina orðum sínum til þín sem tryggingartaka okkar og samningsaðila.

### A hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B hluta.

### Hugtakaskýringar

Hér verða mikilvæg hugtök skilgreind. Í texta fyrsta þáttar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi: →Tryggingartaki.

#### Heilsutrygging E230

##### Blaðsíða

1.	Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta	1
2.	Greiðslur úr hagnaðarhlutdeild.....	4
3.	Bótapegi og millifærsla bóta.....	7
4.	Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta .....	7
5.	Sérstakar samstarfsskyldur og skuldbindingar .....	8
6.	Yfirlýsing vegna bótaskyldu okkar .....	9
7.	Kostnaður vegna samningsins.....	9
8.	Undanþága frá greiðslu iðgjalds .....	9
9.	Uppsögn.....	10
10.	Samningar geta verið margvíslegir .....	11

### B hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en ein þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A hluta. Reglur B hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

##### Blaðsíða

1.	Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð.....	14
2.	Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds .....	14
3.	Frekari samstarfsskyldur .....	15

### C hluti - Almennar reglur

Reglur C hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

##### Blaðsíða

1.	Upphaf tryggingarverndar .....	17
2.	Tryggingarskírteini .....	17
3.	Þýskur réttur .....	17
4.	Varnarþing .....	17
5.	Fyrning .....	18

## A hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B hluta.

### Heilsutrygging E230

Hér er að finna reglur Heilsutryggingar sem og reglur þáttarins Viðbótarlífeyri vegna umönnunar hafi hann verið tryggður til viðbótar.

1.	Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta
1.1	Hvaða bætur greiðum við við skert líkamlegt eða andlegt atgervi og hvenær stofnast tilkall til bóta?
1.2	Hvað er skert líkamlegt eða andlegt atgervi í skilningi þessara tryggingarskilmála?
1.3	Hvaða bætur greiðum við ef samið var um höfuðstól í tilviki alvarlegs sjúkdóms?
1.4	Hvað er alvarlegur sjúkdómur í skilningi þessara tryggingarskilmála?
1.5	Hvaða bætur greiðum við ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar og hvenær stofnast tilkall til bóta?
1.6	Hvað er umönnunarpörf í skilningi þessara tryggingarskilmála?
1.7	Í hvaða löndum gildir tryggingavernd?
1.8	Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

#### 1.1 Hvaða bætur greiðum við við skert líkamlegt eða andlegt atgervi og hvenær stofnast tilkall til bóta?

##### (1) Bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

Ef →hinn tryggði verður fyrir því að líkamlegt eða andlegt atgervi skerðist á tryggingartíma Heilsutryggingar samkvæmt tölulíð 1.2, greiðum við umsamdar bætur:

- Við leysum þig undan skyldu til að greiða iðgjöld vegna tryggingarinnar.
- Við greiðum umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi. Lífeyrinn greiðum við samkvæmt samningi mánaðarlega, ársfjórðungslega, hálfárslega eða árlega. Fyrsta greiðslan verður hugsanlega hlutfallsleg. Við millifærum lífeyrinn hverju →fyrsta bankadag eftir umsamda gjalddaga.

Umræddar bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi greiðum við á meðan

- skert líkamlegt eða andlegt atgervi er fyrir hendi samkvæmt tölulíð 1.2 og
- →hinn tryggði er á líffi, þó í mesta lagi til loka umsaminns bótatímabils við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi.

#### (2) Bótakröfur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

##### a) Tilkall til undanþágu frá greiðslu iðgjalds og lífeyris

Tilkall til undanþágu frá greiðslu iðgjalds og lífeyris stofnast við lok mánaðarins sem áverkinn varð sem spillti líkamlegu eða andlegu atgervi samkvæmt tölulíð 1.2.

##### b) Iðgjaldsgreiðsla fram að ákvörðun um bótagreiðslu

Fram að ákvörðun um það hvort tilkall sé fyrir hendi,

- þarf áfram að greiða iðgjöld að fullu.  
Ef við föllumst á bótaskyldu okkar endurgreiðum við ofgreidd iðgjöld.
- má fara þess á leit að greiðsla iðgjalda sem gjaldfalla á meðan beðið er endanlegrar ákvörðunar verði frestað vaxtalaust. Ef við föllumst ekki á bótaskyldu okkar skal greiða frestuð iðgjöld í einni upphæð eftirá. Einnig má dreifa eftirgreiðslunni á 24 mánuði eða gera hana upp með því að lækka tryggðar bætur.

Við upplýsum þig um möguleika til iðgjaldslækkunar ef óskað er.

#### 1.2 Hvað er skert líkamlegt eða andlegt atgervi í skilningi þessara tryggingarskilmála?

##### (1) Skerðing líkamlegs atgervis eða atgervis skynjunar og vitsmuna

Ef →hinn tryggði,

- - sem afleiðing af sjúkdómi, líkamsáverka eða orkumissi umfram það sem vænta má af aldri hans og
- sem sérfræðilæknir þarf að staðfesta -,
- hlýtur fyrirsjáanlega 12 mánaða samfellda skerðingu eftirtalins líkamlegs atgervis eða atgervis skynjunar og vitsmuna eða hafi hún verið fyrir hendi samfleytt í 12 mánuði, þá er skert líkamlegt eða andlegt atgervi í skilningi þessara tryggingarskilmála fyrir hendi.

Skerðing líkamlegs atgervis eða atgervis skynjunar og vitsmuna má ekki vera hægt að lagfæra með þeim hætti sem segir í tölulíð 5.2 og þarf að liggja fyrir í þeim mæli sem segir hér á eftir.

Skerðingu líkamlegs atgervis eða atgervis skynjunar og vitsmuna skal sérfræðilæknir á viðkomandi sviði staðfesta með þeim rannsóknaraðferðum sem tíðkast út frá læknisfræðilegri þekkingu hverju sinni.

Einstakir þættir atgervis →hins tryggða

skulu hafa orðið fyrir skerðingu í þeim mæli sem hér segir:

##### a) Líkamlegt atgervi

###### Notkun fótleggja

→Hinn tryggði er ekki lengur fær um að leggja að baki 400 metra vegalengd óstuddur og hvíldarlaust eða ganga óstuddur upp og niður 12 stigaprep hvíldarlaust.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

### Notkun annars handleggs

→Hinn tryggði er ekki lengur fær um að vinna með vinstri eða hægri handlegg í axlar- eða brjósthæð.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

### Notkun annarrar handar

→Hinn tryggði er hvorki fær um að opna með vinstri né hægri hönd flösku með skrúfudum tappa né að nota skrúfjárn eða rörtöng eða skæri rétt.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

### Krjúpa eða beygja sig niður

→Hinn tryggði er ekki lengur fær um að beygja sig niður til að snerta gólfið og rísa upp aftur af eigin rammleik.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

### Akstur bifreiðar

→Hinn tryggði er ófær um að aka fólksbifreið. Sanna þarf að ökuleyfissvipting eða óheimil veiting ökuleyfis hafi verið af heilsufarsástæðum. Slíkt skal staðfesta með læknisvottorði.

Öll tilvik þar sem →hinn tryggði er sviptur leyfi til aksturs fólksbifreiðar sökum ofnotkunar áfengis- eða lyfja eða sökum þess að vegna sálræns sjúkleika hins tryggða (sjúkdómsgreining með upphafsstafrinn „F“ samkvæmt ICD-10) sé hann ófær um að aka fólksbifreið, teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

### Lyfta og bera

→Hinn tryggði er ekki lengur fær um að lyfta með höndunum 5 kg þungan hlut (t.d. verkfæratösku eða málningarfötu) upp af borði og bera hann 5 metra vegalengd.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

### Sitja

→Hinn tryggði er ekki lengur fær um að sitja samfleytt í 20 mínútur, heldur ekki með því að breyta um stöðu eða með því að fá stuðning frá armpóðum.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

### Standa

→Hinn tryggði er ekki lengur fær um að standa samfleytt í 10 mínútur óstuddur, þó svo að hann breyti um stöðu.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

### Grípa og halda

→Hinn tryggði er ekki lengur fær um að grípa um hlut (t.d. glas, ausu eða pensil) með hægri eða vinstri hendi og halda um hann samfleytt í 5 mínútur.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

### Skrifa

→Hinn tryggði er ekki færur að skrifa að minnsta kosti 5 orð með upphafsstöfum læsilega, hvorki með hægri né vinstri hendi.

Óþægindi sem leiða til þessarar skertu hreyfigetu verður að vera hægt að skýra með samsvarandi sjúkdómsgreiningu.

### b) Atgervi skynjunar og vitsmuna

Sjón →hins tryggða er það skert að miðað við betra og alveg leiðrétt augað er aðeins eftir sjón sem nemur í hæsta lagi 3/60 eða 0,05 eða skerðing sjónsviðsins niður í að hámarki 15 gráða fjarlægð frá miðju, það er að segja heildarsjónsvið sem er í hæsta lagi 30 gráður.

### Tal

Mál eða tjáningarhæfni

→hins tryggða í orðum er að afloknu námi tungumálsins svo skert að hann getur ekki gert sig skiljanlegan í félagslegu umhverfi sínu vegna þess að hann getur ekki lengur myndað skiljanleg orð.

Þessi skerðing þarf að birtast á einhvern eftirfarandi hátt: Fyrirvaralaus munnleg tjáning, eftirherma, nafngift, málskilningur.

Staðfesta þarf skerðinguna með ómælisprófinu Aachener-Aphasia-Test.

Öll tilvik ómælis af sálrænum toga eða ómælis sökum vanþroska af hugsýkistoga teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

### Heyrn

→Hinn tryggði er haldinn heyrnarskerðing á báðum eyrum á tíðnisviði talaðs máls nálægt 2 kHz, sem með heyrnarlínuriti (hljóð berst um bein höfuðkúpu) staðfestir heyrnartap sem nemur að minnsta kosti 60 dB.

Öll tilvik heyrnartaps af sálrænum toga eða heyrnartaps sökum vanþroska af hugsýkitoga teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

### Jafnvægisskyn

Jafnvægisskyn →hins tryggða er svo skert að hann getur ekki farið upp í stiga eða vinnupalla án verulega aukinnar slysaþættu.

Skerðinguna verður að staðfesta með taugfræðilegri rannsókn.

Öll tilvik brenglaðs jafnvægisskyns sökum sjúkdóms af sálrænum toga (sjúkdómsgreining með upphafsstafrinum „F“ samkvæmt ICD-10, svo sem kvíðaköst, ofsakvíði) sem og sökum fjöldaugakvilla sem má sannanlega rekja til langvarandi ofnotkunar áfengis teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

### Vitsmunir

Andleg starfsemi (minni, einbeiting, athyglisgáfa, skilningur, skipulagsgáfa) →hins tryggða er svo skert að hann getur ekki lengur framkvæmt nauðsynlegar daglegar athafnir.

Niðurstöður almennt viðurkennds prófs sem mælir andlegt atgervi →hins tryggða skulu sýna að hann teljist til þeirra 10 prósentu sem verst er ástatt um.

### (2) Skerðing sökum umönnunarþarfar

Skerðing líkamlegs eða andlegs atgervis í skilningi þessara tryggingarskilmála er einnig fyrir hendi ef →hinn tryggði er umönnunarþurfi í skilningi tölulíðar 1.6. Umönnunarþörf þarf ávallt að staðfesta með læknisvottorði.

### (3) Skerðing ásamt lögboðinni umönnun

Skerðing líkamlegs eða andlegs atgervis í skilningi þessara tryggingarskilmála er einnig fyrir hendi ef dómstóll hefur úrskurðað út frá greinargerð geðlæknis að →hinn tryggði hafi þurft að vera samfellt í að minnsta kosti 12 mánaða umönnun

eða þurfi fyrirsjáanlega að vera í slíkri umönnun.

### 1.3 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um höfuðstól í tilviki alvarlegs sjúkdóms?

#### (1) Greiðsla umsamins höfuðstóls

Ef samið var um höfuðstól í tilviki alvarlegs sjúkdóms og ef →hinn tryggði fær á tryggingartímanum alvarlegan sjúkdóm samkvæmt töluilið 1.4 greiðum við umsamin höfuðstól að 28 dögum liðnum, reiknað frá deginum eftir að til tryggingartilviksins kom.

Ef →hinn tryggði andast áður en 28 dagar eru liðnir frá því er til alvarlega sjúkdómsins kom samkvæmt töluilið 1.4 greiðum við engar bætur og tryggingin fellur úr gildi.

#### (2) Áframhald tryggingarinnar

Tryggingin heldur áfram eftir að við föllumst á bótaskyldu okkar vegna alvarlegs sjúkdóms samkvæmt töluilið 1.4.

#### (3) Takmarkanir

Ef →hinn tryggði fær fleiri alvarlega tryggða sjúkdóma hvern á færur öðrum samkvæmt töluilið 1.4 gildir bótaskylda okkar í eðli sínu áfram, einnig um þessa alvarlegu viðbótarsjúkdóma. Þá skal hafa eftirfarandi takmarkanir í huga:

- Ef til alvarlegs sjúkdóms kemur samkvæmt töluilið 1.4 gengur í gildi 3ja mánaða biðtími, þ.e.a.s. komi til nýs alvarlegs sjúkdóms á því tímabili stofnast ekki við það neitt nýtt tryggingartilvik samkvæmt 1. mgr.
- Ef tryggði alvarlegi sjúkdómurinn samkvæmt töluilið 1.4, sem þegar leiddi til bótaskyldu, kemur fram á ný stofnast ekki við það nýtt tryggingartilvik samkvæmt 1. mgr.
- Engar óbeinar og beinar afleiðingar framkomins alvarlegs sjúkdóms samkvæmt töluilið 1.4 leiða til frekari tryggingartilviks samkvæmt 1. mgr.
- Eftir hjartaáfall samkvæmt 1. mgr. töluil. 1.4. eða hjartaslag samkvæmt 5. mgr. töluil. 1.4 nær tryggingarverndin ekki lengur til hins sjúkdómsins ef annar hvor þessara alvarlegu sjúkdóma kemur upp. Komi til hjartaáfalls eða hjartaslags heldur því tryggingin áfram án tryggingaverndar vegna alvarlegu sjúkdómanna hjartaslag og hjartaáfall.

### 1.4 Hvað er alvarlegur sjúkdómur í skilningi þessara tryggingarskilmála?

Eftirfarandi sjúkdómar eru alvarlegur sjúkdómur í skilningi þessara tryggingarskilmála ef þeir uppfylla þær forsendur sem um þá gilda hvern um sig og tilgreindar eru. Þegar upp kemur tryggður alvarlegur sjúkdómur skal sérfræðilæknir á viðkomandi sviði staðfesta það með þeim rannsóknaraðferðum sem tíðkast út frá læknisfræðilegri þekkingu hverju sinni.

#### (1) Hjartaáfall

Fyrir liggur á tryggingartímanum brátt hjartaáfall sem staðfest hefur verið óyggjandi með þeim aðferðum hjartalækninga sem tíðkast á þeim tíma þegar áfallið kom upp.

Aðrir hjartavöðvasjúkdómar, sem ekki verður sannað með óyggjandi hætti að séu hjartaáfall, teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

#### (2) Dá

Fyrir liggur alvarleg starfstruflun heilans af 8 punkta alvarleika hið mesta á dákvarðanum Glasgow-Coma-Scale í að minnsta kosti 4 daga.

„Að vera haldið sofandi“ (langtímasvæfing) með lyfjum í lækningaskyni telst ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

### (3) Krabbamein

Þegar um krabbamein er að ræða þurfa að vera liðnir að minnsta kosti 6 mánuðir frá upphafi tryggingar að fyrstu sjúkdómsgreiningu.

Auk þess þarf að sanna að um sé að ræða

- þétt æxli („solider Tumor“) frá og með æxlisstærð T2
- æxli með eitlameinvörpum eða fjarlægari meinvörpum
- heilæxli frá og með stærð WHO II eða
- hvítblæði, eitlæxli á öllum stigum.

### (4) Heila- og mænusigg

Fyrir liggur heila- og mænusigg af eftirfarandi gerð:

Ef veikindin koma fram í köstum þurfa að liggja fyrir

- að minnsta kosti 2 skilgreind köst og
- að minnsta kosti einn greinanlegur klínískur áverki (skemmdur taugavefur) og
- dæmigerð niðurstaða úr segulómun eða jákvæð vökvaniðurstaða (niðurstaða úr athugun á starfsemi mænuvökva).

Ef veikindin ágerast stöðugt þurfa einkennin að magnast samfellt í að minnsta kosti 6 mánuði samfara varanlegri skerðingu á starfsemi og það þurfa að liggja fyrir

- að minnsta kosti einn greinanlegur klínískur áverki og
- dæmigerð niðurstaða úr segulómun eða jákvæð vökvaniðurstaða og
- niðurstaða úr segulómun sem sýnir stækkun svæða sem valda skemmdunum.

Fyrir þurfa að liggja staðfestar skerðingar á starfsemi samkvæmt kvarðanum Extended Disability Status Scale. Þær þurfa að nema að minnsta kosti EDSS-stigi 4,5 til að um tryggingartilvik sé að ræða.

Óljós grunur svo sem til dæmis „klínískt afmarkað heilkenni“ eða „hugsanlega heila- og mænusigg“ teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

### (5) Heilablóðfall/slag

Fyrir liggur heilablóðfall/slag þegar um eitt eftirfarandi einkenna er að ræða sem þarf að hafa legið fyrir eða mun fyrirsjáanlega liggja fyrir í 3 mánuði samfellt:

Lamanir öðrum megin (helftarlömun/helftarslekja), máltruflanir (málstol), sjóntruflanir, kyngingarörðugleikar, flogveiki eða skerðing á færni til daglegra athafna undir 60 punktum á kvarðanum Barthel-Index (kvarði til að meta færni til daglegra athafna).

Skammvinn slög sem lagast án eftirkasta (TIA, skammvinn blóðþurrðarköst) teljast ekki tryggingartilvik í skilningi þessara tryggingarskilmála.

### (6) Þverlömun

Fyrir liggur þverlömun þar sem lömunin eða glötuð hreyfigeta á báðum fótleggjum hefur varað í að minnsta kosti 3 mánuði og mun miðað við læknisfræðilega þekkingu á þeim tíma fyrirsjáanlega vera til frambúðar.

### 1.5 Hvaða bætur greiðum við ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar og hvenær stofnast tilkall til bótanna?

#### (1) Bætur við umönnunarpörf

Ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar og →hinn tryggði verður umönnunarþurfi á tryggingartíma tryggingarinnar í skilningi töluiliðar 1.6, greiðum við viðbótarlífeyri vega umönnunar.

Viðbótarlífeyri vega umönnunar greiðum við til viðbótar við bætur vegna skerðingar á líkamlegu eða andlegu atgervi greiðum svo lengi sem

- →hinn tryggði er á lífi og
- hinn tryggði er umönnunarþurfi í skilningi töluliðar 1.6.

## (2) Tilkall til bóta vegna umönnunarþarfar

Tilkall til viðbótarlífeyris vegna umönnunar stofnast við lok þess mánaðar þegar umönnunarþörf skapast.

### 1.6 Hvað er umönnunarþörf í skilningi þessara tryggingarskilmála?

Umönnunarþörf liggur fyrir ef →hinn tryggði

- var umönnunarþurfi í 6 mánuði samfleytt í skilningi a) og d) eða c) og d),
- og þurfti af þeim sökum að njóta umönnunar daglega og
- er enn umönnunarþurfi.

### a) Umönnunarþörf

Umönnunarþörf liggur fyrir ef →hinn tryggði þarfnast aðstoðar annars manns sökum sjúkdóms, líkamstjóns eða orkumissis sem er meiri en vænta má af aldri hans:

- við að minnsta kosti 3 þeirra athafna sem tilgreindar eru í mgr. b),
- daglega í umtalsverðum mæli,
- einnig við beitingu tæknilegra og læknisfræðilegra hjálpartækja.

### b) Ráðandi forsendur við mat á umönnunarþörf

Ráðandi við mat á umönnunarþörf er, hvort

→hinn tryggði þarfnist aðstoðar við eftirfarandi athafnir:

#### Ferðast um herbergi

Hjálparþurfi er sá sem þarfnast aðstoðar annars manns til að ferðast um herbergi, þrátt fyrir að nota gönguhjálpartæki eða hjólastól.

#### Farið á fætur og í háttinn

Hjálparþurfi er sá sem ekki kemst úr rúmi eða í án aðstoðar annars manns.

#### Klæðst og afklæðst

Hjálparþurfi er sá sem ekki getur klæðst né afklæðst nema með hjálp annars manns, þrátt fyrir sjúklingamiðaðan klæðnað.

#### Matast og drukkið

Hjálparþurfi er sá sem ekki getur matast né drukkið nema með hjálp annars manns, þrátt fyrir að nota sjúklingavæn hnifapör og drykkjarilát.

#### Þvottur, greiðsla eða rakstur

Hjálparþurfi er sá sem þarf aðstoð annars manns við þvotta, greiðslu eða rakstur, vegna þess að hann getur ekki lengur framkvæmt þær líkamshreyfingar sem til þarf.

#### Salernisferðir

Hjálparþurfi er sá sem þarf aðstoð annars manns vegna þess að

- hann getur ekki þrifið sig hjálparlaust eftir salernisferðir,
- getur ekki gengið örna sinna nema að nota bekken í rúmi
- getur hvorki tæmt þarma né blöðru nema með utanaðkomandi aðstoð.

Ef aðeins er um að ræða óheftar hægðir eða þvaglát sem leysa má með bleyju eða sérstöku innleggi er ekki um umönnunarþörf að ræða hvað salernisferðir varðar.

### c) Umönnunarþörf óháð matsforsendum

Óháð mati á umönnunarþörf samkvæmt a) og b) er hver sá umönnunarþurfi sem

- stofnar sjálfum sér eða öðrum í hættu vegna sálrænna veikinda eða andlegrar fötlunar og þarfnast því daglegs eftirlits eða
- sem er rúmfastur til langframa og getur ekki farið á fætur hjálparlaust.

### d) Sönnunarskylda

Umönnunarþörf þarf ávallt að staðfesta með læknisvottorði.

### 1.7 Í hvaða löndum gildir tryggingavernd?

Tryggingavernd tryggingarinnar gildir um allan heim.

### 1.8 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

#### (1) Reikniforsendur við samningsgerð

Við gerð samningsins notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum greiðslum:

#### a) Reikniforsendur tryggðra bóta við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi:

- dánartíðnitafla okkar „AZ 2012 GF TA U“ (→töflur),
- tíðnitafla okkar „AZ 2012 GF I U“ (→töflur) varðandi líkur á því að upp komi skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölulið 1.2,
- tíðnitöflur okkar „AZ 2012 GF TI U“ og „AZ 2012 GF RI U“ (→töflur) varðandi dánarlíkur þeirra sem skertir eru og batahorfur og
- →reiknivextir 0,9 prósent og
- →kostnaður vegna Heilsutryggingar (sjá nánar í tölulið 7.1).

#### b) Reikniforsendur umsamins höfuðstóls ef um alvarlegan sjúkdóm er að ræða:

- tíðnitöflur okkar „AZ 2012 DD I U“ (→töflur) yfir líkur á að upp komi alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölulið 1.4,
- →reiknivextir 0,9 prósent og
- →kostnaður vegna Heilsutryggingar (sjá nánar í tölulið 7.1).

#### c) Reikniforsendur umsaminna bóta við umönnunarþörf ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar:

- tíðnitafla okkar „AZ 2014 P O U“ (→töflur) yfir umönnun,
- →reiknivextir 0,9 prósent og
- →kostnaður vegna þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar (sjá nánar í tölulið 7.1).

#### (2) Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum

Þegar greiðslur hækka (til dæmis vegna hlutdeildar í hagnaði) reiknum við viðbótarbæturnar ávallt út frá reikniforsendum (einkum →reiknivöxtum, →töflum og →kostnaði vegna Heilsutryggingar eða þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar sem lagðar voru til grundvallar við samningsgerð.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkuardeggi og snerta útreikning á →bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Býska tryggingafræðingafélagsins (DAV), getum við sömu leiðis lagt þær til grundvallar við hækkun bótagreiðslna. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á →bótasjóði breytast á ný, eftir hækkun bóta, getum við við síðari hækkun bóta beitt nýju reikniforsendum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast við beitt.

Við greinum þér frá því ef við beitum öðrum reikniforsendum en við samningsgerð eða við síðustu hækkun bóta.

Þegar bætur hækka leggjum við við útreikning á viðbótarbótum í hæsta lagi það prósentustig →kostnaðar vegna Heilsutryggingar eða þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar til grundvallar, sem lagt var til grundvallar við samningsgerð

Að undanskildum þeim tilvikum þegar greiðslur hækka gilda þessar reglur á sama hátt þegar skilmerkilega er vísað til þeirra í viðkomandi köflum þessara tryggingarskilmála.

## 2. Bætur úr hagnaðarhlutdeild

Um hlutdeild í hagnaði gilda eftirfarandi reglur.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hverjar eru forsendurnar fyrir hlutdeild í hagnaðinum?**
- 2.2 Hvernig stofnast hagnaðarhlutdeild með tilliti til allra tryggingartaka í heild sinni?**
- 2.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum?**
- 2.4 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?**

- 2.1 Hverjar eru forsendurnar fyrir hlutdeild í hagnaðinum?**

Sem →tryggingartaki átt þú rétt á hagnaðarhlutdeild; þá skal hafa eftirfarandi í huga:

### (1) Hæð hagnaðarhlutdeilda er ekki tryggð

Við getum ekki tryggt hæð hagnaðarhlutdeilda fyrirfram. Annars vegar ræðst hæð hagnaðarhlutdeilda af mörgum atriðum sem ekki verða séð fyrir og sem við höfum einungis takmörkuð áhrif á. Mikilvægasti áhrifaþátturinn er þróun fjármálamarkaðarinnar. En þróun þeirrar áhættu sem við tryggjum og kostnaðar skipta hér einnig máli. Hins vegar hlýst hagnaðarhlutdeildin af orsakarmiðaðri aðferð (sjá nánar um það í einstökum atriðum í tölu 2.3). Hvort tveggja getur - með tilliti til samnings þíns - í óhagstæðasta tilviki leitt til þess að hæð hagnaðarhlutdeildarinnar getur orðið núll.

Við upplýsum þig árlega um þróun hagnaðarhlutdeildarinnar.

### (2) Þættir hagnaðarhlutdeilda

Hagnaðarhlutdeildin felur í sér 2 þætti:

- hlutdeild í hagnaði (sjá nánar einkum tölu 2.3) og
- hlutdeild í →matssjóðunum (sjá nánar einkum tölu 2.4).

Varðandi hagnaðarhlutdeild förum við að fyrirmælum laga um tryggingarsamninga (VVG), einkum 153. gr. laga um tryggingarsamninga (VVG), sem og fyrirmælum laga um eftirlit með tryggingarsamningum (VAG) og þeim reglugerðum sem gefnar hafa verið út þar um.

### (3) Ráðandi hagnaður og matssjóðir

Við veitum →tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum sem við finnum árlega innan ramma ársuppgjörsins samkvæmt fyrirmælum verslunarlaga (HGB) og birtum í ársskýrslunni. Við ákvörðun ársuppgjörs er, að teknu tilliti til gildandi fyrirmæla og reglna um eftirlitsnefndir, ákvarðað hver hlutur árlegs hagnaðar skal vera sem fellur →tryggingartökum í heild sinni í skaut sem hagnaðarhlutdeild.

Við finnum →matssjóðina sömuleiðis á ný árlega samkvæmt fyrirmælum verslunarréttar og birtum niðurstöðurnar í ársskýrslu okkar.

- 2.2 Hvernig stofnast hagnaðarhlutdeild með tilliti til allra tryggingartaka í heild sinni?**

Í þessari reglu gerum við grein fyrir því hvernig hagnaðarhlutdeild tryggingartakar í heild sinni er fundin (svonefnd sameiginleg hagnaðarhlutdeild). Sameiginleg hlutdeild í hagnaðinum tekur til allra →tryggingartaka sem gert hafa við okkur samning sem gerir ráð fyrir hagnaðarhlutdeild.

Af þessum tölu 2.2 um sameiginlega hlutdeild í hagnaðinum leiðir ekki neina samningsbundna kröfu um ákveðna hæð hlutdeilda í hagnaði (sjá einnig 1. mgr. tölu 2.1). Samningsbundna kröfu um hlutdeild í hagnaði leiðir af tölu 2.3; samningsbundna kröfu um hlutdeild í → matssjóðunum leiðir af tölu 2.4.

Innan ramma sameiginlegrar hlutdeilda í hagnaði gerum við grein fyrir því

- hvaðan hagnaður er ættaður (mgr. 1) og
- hvernig við ráðstöfum áunnum hagnaði (mgr. 2).

### (1) Uppruni hagnaðar

Hagnaður getur myndast á þrennan hátt:

- sem ávöxtun höfuðstóls (mgr. 1 a)),
- sem ávöxtun áhættu (mgr. 1 b)) og
- sem önnur ávöxtun (mgr. 1 c)).

Við veitum →tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum. Þá er farið að reglugerð um lágmarksendurgreiðslu tryggingariðgjalda (MindZV) í þeirri útgáfu sem í gildi er hverju sinni. Í þeim undantekningartilvikum sem gert er ráð fyrir í reglugerðinni getur lágmarkshlutdeild → tryggingartaka í heild sinni sem reglugerðin gerir ráð fyrir verið skert að fengnu samþykki viðkomandi eftirlitsyfirlvalda.

### a) Fjármagnstekjur

Hagnaðurinn fæst aðallega með tekjum af fjárfestingum okkar. Iðgjalda tryggingarinnar er mestmegnis þörf til að rísa undir áhættu og rekstrarkostnaði. Til fjárfestinga sem skilað geta arði eru þar af leiðandi engar eða aðeins smávægilegar upphæðir til ráðstöfunar. →Tryggingartakar í heild sinni fá í sinn hlut að minnsta kosti þann prósenthlut fjármagnstekna sem tilgreindur er í reglugerðinni um lágmarksúthlutun (MindZV). Í núgildandi útgáfu reglugerðarinnar um lágmarkshlutdeild (MindZV) er mælt fyrir um 90 prósent). Frá þeirri upphæð sem þannig fæst drögum við fyrst það sem þarf til að fjármagna tryggðar tryggingabætur. Fjármagnstekjunum sem þá eru eftir ráðstöfum við sem hagnaðarhlutdeild →tryggingartaka í heild sinni.

### b) Áhættuávinningur

Frekari hagnaður getur síðan myndast ef áhættan sem við tryggjum þróast á hagstæðari veg en gert var ráð fyrir í upphaflegum útreikningum (til dæmis ef fjöldi láttinna breytist). Þá þurfum við að greiða færri tryggingabætur en gert var ráð fyrir og getum þá frekar veitt →tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í áhættuávinningi.

Við veitum →tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í áhættuávinningi samkvæmt núgildandi útgáfu reglugerðar um lágmarksúthlutun (MindZV) sem nemur að minnsta kosti 90 prósentum.

### c) Aðrar tekjur

Frekari tekjur geta síðan myndast og þá einkum ef →kostnaður reynist lægri en gert er ráð fyrir í upphaflegum útreikningum (til dæmis með hagræðingu við stjórnun samninga).

Við veitum →tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í öðrum tekjum samkvæmt núgildandi útgáfu reglugerðar um lágmarksúthlutun (MindZV) sem nemur að minnsta kosti 50 prósentum.

### (2) Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda

Hagnaði samkvæmt 1. mgr., sem fellur →tryggingartökum í heild sinni í skaut, úthlutum við í →varasjóð vegna endurgreiðslu iðgjalda, svo framarlega sem hann hefur ekki þá þegar verið færður til tekna beint á samninga með ákvæði um hagnaðarhlutdeild.

→Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda er varasjóður sem gert er ráð fyrir í verslunarrétti til að standa straum af hagnaðarhlutdeild →tryggingartaka í framtíðinni. Með varasjóðnum er með tímanum hægt að jafna út sveiflur í hagnaði - sem eru einkum algengar hvað fjármagnstekjur varðar.

→Varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda má eingöngu nota til hlutdeilda →tryggingartaka í hagnaði. Við megum eingöngu víkja frá þessu í undantekningartilvikum (til dæmis til að afstýra yfirvofandi neyðarástandi)

samkvæmt reglum laga um eftirlit með tryggingarsamningum (VAG) og með samþykki viðkomandi eftirlitsyfirvalda. Slíkt er einungis heimilt svo framarlega sem varasjóðnum er ekki þegar ráðstafað með fyrirframákveðnum hagnaðarhlutum.

### 2.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum?

Þegar samningnum er veitt hlutdeild í hagnaði (svonefnd einstaklingsbundin hlutdeild í hagnaði) beitum við aðferð sem tekur mið af orsakarsamhengi. Hér á eftir gerum við grein fyrir þessari aðferð:

- hvera vegna við myndum hagnaðarhópa (2.3.1),
- hvernig við ákvörðum →prósentur hagnaðarhlutdeildar samningsins (2.3.2) og
- hvernig samningurinn öðlast hlutdeild í hagnaði á samningstímanum (2.3.3).

#### 2.3.1 Myndun hagnaðarhópa

Einstakar tryggingar leggja mismunandi mikið af mörkum við myndun hagnaðarins. Þess vegna tökum við sambærilegar tryggingar saman í svonefnda hagnaðarhópa. Innan hagnaðarhópanna eru síðan mismunandi undirhópar þar sem horft er til frekari einkenna sem greina þá að. Skipun í hagnaðar- og undirhóp ræðst til dæmis af

- eðli áhættunnar sem tryggð er (til dæmis andláts- eða örorkuáhætta),
- því stigi sem tryggingin er á (til dæmis fyrir eða eftir upphaf lífeyristöku),
- tryggingarbyrjun eða
- eðli iðgjaldsgreiðslu.

Hagnaði sem ætlaður er →tryggingartökum í heild sinni jöfnum við á einstaka hagnaðar- og undirhópa. Þá tökum við mið af því að hve miklu leyti hópurinn tók þátt í myndun hagnaðarins.

Upplýsingar um það hvaða hagnaðar- og undirhópi tryggingin tilheyrir er að finna í tryggingagögnunum undir fyrirsögninni „Hvaða hagnaðarhópar og undirhópar liggja samningnum til grundvallar?“. Skipun í hópa ræður því hvernig hagnaðarhlutum er ráðstafað síðarmeir.

#### 2.3.2 Prósentuhlutur hlutdeildar í hagnaði ákvarðaður

Til að finna þá hagnaðarhlutdeild sem tryggingu þinni er útlutað samkvæmt fastákveðinni aðferð (sjá tölul. 2.3.) skilgreinir stjórn fyrirtækisins, að fenginni tillögu →ábyrgs tryggingafræðings fyrir upphaf hvers almanaksárs, hæð →prósentuhluta í hagnaði fyrir eitt ár í senn (svonefnd hagnaðaryfirlýsing).

Stjórnin skilgreinir →prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar einstakra hagnaðar- og undirhópa (sjá tölul. 2.3.1) sem og mismunandi tegunda hagnaðarhlutdeilda (sjá tölul. 2.3.3) sem og prósentuhluti tiltekinna →reiknistuðla. Skilgreiningin getur leitt til þess að ekki verði ráðstafað neinum hagnaðarhlut til viðkomandi samnings eða ekki öllum tegundum hagnaðarhlutdeildar sem til álita koma (sjá tölulíði 2.3.3).

→Prósentuhlutir í hagnaði eru birtir árlega í viðauka við ársskýrslu okkar sem hægt er að panta hjá okkur hvenær sem er, eða við greinum þér frá þeim með öðrum hætti.

#### 2.3.3 Hlutdeild í hagnaði

Allt eftir því hvaða hagnaðar- eða undirflokki trygging þín tilheyrir veitum við tryggingunni hlutdeild í áunnum hagnaði (árlegir hagnaðarhlutir) við upphaf tryggingarárs.

##### (1) Hlutdeild í hagnaði reiknuð út

Hæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar og

leggjum þá til grundvallar skilgreinda →prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá tölulíði 2.3.2) og viðkomandi →reiknistuðul.

Fjármagn til hlutdeildar í hagnaði er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá (2. mgr. tölul. 2.2)). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

##### a) Reiknistuðlar í iðgjaldsskyldum tryggingum

→Reiknistuðlar í iðgjaldsskyldum tryggingum eru

- umsamið iðgjald fyrir umsamdar bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og fyrir umsaminn höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölulíði 1.3 og
- umsamið iðgjald fyrir umsamdar bætur við umönnunarþörf, ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

##### b) Reiknistuðlar í iðgjaldsfríum tryggingum

→Reiknistuðlar í iðgjaldsfríum tryggingum samkvæmt tölulíði 8.1 eru

- umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og
- umsaminn umönnunarlífeyrir ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

##### c) Reiknistuðlar miðað við reglubundinn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi eða viðbótarlífeyrir vegna umönnunar

Ef greiddur er reglubundinn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi eða reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, þá ráðast →reiknistuðlarnir einkum af

- aldri →hins tryggða,
- af umsömdum lífeyrisgreiðslutíma umsaminn lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi eða viðbótarlífeyri vegna umönnunar, ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, og
- af hæð umsaminn lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi eða viðbótarlífeyris vegna umönnunar, ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

Þeir eru fundnir samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

#### (2) Ráðstöfun árlegra hagnaðarhluta

##### a) Ráðstöfun í iðgjaldsskyldum tryggingum

Með hverju gjaldföllnu iðgjaldi öðlast tryggingin hagnaðarhlut sem er tiltekin prósentu af

- iðgjaldi fyrir umsamdar bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og fyrir umsaminn höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölulíði 1.3 og
- iðgjaldi fyrir umsamdar bætur við umönnunarþörf, ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar

Hagnaðarhlutirnir reiknast um leið og reglubundnu iðgjöldin berast, allt eftir því hvernig þau eru greidd.

##### b) Ráðstöfun í iðgjaldsfríum tryggingum

Ef

- tryggingin er iðgjaldsfrí og
- ef →hinn tryggði er ekki með skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölulíði 1.2

fjármögnum við, - með þeim hlutdeildum í hagnaði eins tryggingarárs sem ákvarðaðir voru fyrir trygginguna -, iðgjaldsfrían eins árs rétt til

- aukalegs lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi (hagnaðarlífeyrir) og
- aukalegan umönnunarlífeyrir (hagnaðarlífeyrir) ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar,



sem ákvarðast í prósentum af umsömdum lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi eða tryggðum viðbótarlífeyri vegna umönnunar. Bótageiðslutímabilin eru þau sömu og gilda um umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi eða um umsaminn viðbótarlífeyri vegna umönnunar.

Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölulíð 1.3, hækkar hann á íðgjaldsfria tímabilinu ekki um hagnaðarhlutdeildina.

### c) Ráðstöfun hagnaðarhluta reglubundins lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

Ef greiddur er reglubundinn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, fjármögnum við aukalegan íðgjaldsfrian lífeyri með hagnaðarhlutum þessa lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi. Hann á síðan fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaðinum sem reglubundinn lífeyrir. Um útreikning hækkaðra bóta gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.8.

Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölulíð 1.3, hækkar hann á ekki um hagnaðarhlutdeildina íðgjaldsfria tímabilinu.

### d) Ráðstöfun hagnaðarhluta þáttarins viðbótarlífeyris vegna umönnunar, hafi hann verið tryggður aukalega, við reglubundinn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi

Ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyris vegna umönnunar og enginn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar er greiddur, og ef tryggingin var, - áður en skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölulíð 1.2 kom upp - ,

- íðgjaldsskyld, þá fjármögnum við aukalegan íðgjaldsfrian rétt til viðbótarlífeyris vegna umönnunar, - með þeim hagnaðarhlutum sem falla í skaut þættinum Viðbótarlífeyris vegna umönnunar. Hann á síðan fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaðinum. Um útreikning hækkaðra bóta gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.8.
- íðgjaldsfri, þá fjármögnum við íðgjaldsfria eins árs rétt til aukalegs viðbótarlífeyris vegna umönnunar (hagnaðarlífeyris), sem ákvarðast í prósentum af umsömdum viðbótarlífeyri vegna umönnunar, - með þeim hagnaðarhlutum sem falla í skaut þættinum Viðbótarlífeyris vegna umönnunar í eitt tryggingarár. Bótageiðslutímabilið er það sama og gildir um umsaminn viðbótarlífeyri vegna umönnunar.

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyris vegna umönnunar og ef greiddur er reglubundinn lífeyrir, þá fjármögnum við aukalegan íðgjaldsfria viðbótarlífeyri vegna umönnunar, - með þeim hagnaðarhlutum sem falla í skaut viðbótarlífeyri vegna umönnunar. Hann á síðan fyrir sitt leyti hlutdeild í hagnaðinum sem reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar. Um útreikning hækkaðra bóta gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.8.

Mánaðarlegur tryggður viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má ekki vera hærri en 2.000 evrur.

## 2.4 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?

Hlutdeild í →matssjóðum er ákveðin með orsakarmiðaðri aðferð. Til tryggingarinnar renna reyndar, fyrir upphaf lífeyristöku, litlir eða engir →matssjóðir, þar eð engar eða óverulegar upphæðir eru til ráðstöfunar til fjárfestinga sem myndað gætu matssjóði.

### (1) Hlutdeild reglubundins lífeyris

Reglubundinn lífeyrir öðlast hlutdeild í →matssjóðunum samkvæmt 1. og 2. mgr. 153. gr. laga um tryggingasamninga (VVG) með sanngjarnri hækkaðri hlutdeild í hagnaði. Þegar tekin er ákvörðun um þessa →prósentsuhluti í hagnaði innan ramma útreiknings á hagnaðarhlutum er sérstaklega horft til stöðu matssjóðanna hverju sinni.

### (2) Eftirlitsákvæði hafa forgang

Þegar veitt er hlutdeild í →matssjóðunum verðum við að fara að þeim eftirlitsákvæðum sem gilda fyrir okkur til að tryggja að ávallt sé hægt að standa við skuldbindingar trygginganna. Slíkt getur leitt til þess að hlutdeild í →matssjóðunum falli niður að hluta til eða í heild.

## 3. Bótapegi og millifærsla bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

### 3.1 Hver fær greiðslurnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?

### 3.2 Hvað gildir um millifærslu greiðslna?

### 3.1 Hver fær greiðslurnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?

#### (1) Viðtakandi greiðslna og afturkallanlegur viðtökuréttur

Bætur samkvæmt samningnum innnum við af hendi til þín sem →tryggingartaka okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan sem á að eignast kröfur samkvæmt samningnum á gjalddaga (bótapegi). Viðtökurétti bótapega má breyta eða afturkalla hann hvenær sem er fyrir hvern gjalddaga (afturkallanlegur viðtökuréttur). Eftir andlát →hins tryggða er ekki lengur hægt að breyta viðtökurétti eða afturkalla hann.

#### (2) Óafturkallanlegur viðtökuréttur

Þú getur kveðið skýrt á um að bótapegi eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum, strax og óriftanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína í hendur er aðeins hægt að nema þennan rétt bótapega úr gildi ef bótapegi samþykkir.

#### (3) Afsal og veðsetning kröfuréttinda

Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt samningnum svo framarlega sem slík ráðstöfun er heimil lögum samkvæmt.

#### (4) Skrifleg gögn

Veiting og afturköllun viðtökuréttar (1. og 2. mgr.) sem og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum (3. mgr.) öðlast þá og því aðeins gildi gagnvart okkur, þegar sá sem hafði þennan rétt hingaðtil hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti). Réttthafi hingaðtil er yfirleitt þú. En það geta líka verið aðrir ef þú hefur þegar gert viðeigandi bindandi ráðstafanir.

### 3.2 Hvað gildir um millifærslu greiðslna?

Við millifærum bæturnar til þess sem veita má þeim viðtöku, á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber sá sem veita má greiðslunum viðtöku áhættuna sem því tengist.

## 4. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta

### Í hvaða tilvikum eru bætur útilokaðar?

Við greiðum engar bætur úr tryggingunni ef tryggingartilvikið er til komið

a) vegna óeirða innanlands, ef →hinn tryggði var í hópi þeirra sem stofnuðu til óeirðanna;

b) beint eða óbeint af völdum stríðsatvika.

Við greiðum þó óskertar bætur ef tryggingartilvikið er til komið meðan á dvöl →hins tryggða stendur utan Þýskalands í beinum eða óbeinum tengslum

við stríðsátök sem hann tók ekki virkan þátt í;

c) vegna þess að →hinn tryggði fremur glæp eða afbrot af ráðnum hug eða gerir refsiverða tilraun til þess.

Við greiðum þó óskertar bætur ef tryggingartilvikið er til komið vegna umferðarlagabrots →hins tryggða;

d) vegna sjálfskapaðs sjúkdóms af ásettu ráði eða orkumissis umfram það sem vænta má af aldri hans sem valdið er af ásettu ráði, sjálfsáverka af ásettu ráði eða tilraunar til sjálfsvígs.

Við greiðum þó óskertar bætur ef okkur er sannað að verknaðurinn

- hafi verið framin í sjúklega trufluðu andlegu ástandi sem útlöki frjálsar viljaákvæðanir eða
- undir álagi alvarlegra líkamlegra þjáninga;

e) hafi verið framinn ólöglega af þér, sem →tryggingartaka, af ásettu ráði, í því skyni að skerða líkamlegt eða andlegt atgervi og valda →hinum tryggða alvarlegum sjúkdómi eða umönnunarþörf;

f) vegna kjarnorkugeislunar sem stofnar lífi eða heilsu fjölda manns svo í hættu að almannavarnir eða álíka stofnun gerðu ráðstafanir til að verjast hættunni;

g) í beinum eða óbeinum tengslum við hernaðaráttök

- vísitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra- eða kemískra vopna (kjarna-, sýkla- eða efnavopna, (ABC-vopna) eða
- vísitandi beitingu eða vísitandi losun geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna,

ef beiting eða losun miða að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur í tilvikum f) og g) ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki látast fleiri en 1.000 manns beint eða fyrirsjáanlega óbeint innan fimm ára frá atburðinum eða muni hljóta varanlegt alvarlegt heilsutjón. Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri bótaskyldu. Kröfur um óskertar tryggingarbætur gjaldfalla ekki fyrr en í fyrsta lagi að þeim fresti liðnum.

## 5. Sérstakar samstarfsskyldur þínar og skuldbindingar

Í þessum hluta er fjallað um:

- |     |   |
|-----|---|
| 5.1 | <b>Hvaða upplýsinga- samstarfsskyldur skal hafa í huga þegar krafist er bóta?</b> |
| 5.2 | <b>Hvaða skuldbindingar skal hafa í huga til að takmarka tjón?</b>                |
| 5.3 | <b>Hvaða skuldbindingar skal hafa í huga þegar sannreyna á bótaskyldu okkar?</b>  |
| 5.4 | <b>Hvaða réttaráhrif hefur það að brjóta gegn skuldbindingum?</b>                 |
| 5.5 | <b>Hvaða gagna getum við krafist til viðbótar?</b>                                |

- |     |   |
|-----|---|
| 5.1 | <b>Hvaða upplýsinga- samstarfsskyldur skal hafa í huga þegar krafist er bóta?</b> |
|-----|---|

### (1) Gögn lögð fram

Ef krafist er bóta vegna skerts líkamlegs eða andlegs atgervis samkvæmt tölulíð 1.1, tilkomu alvarlegs sjúkdóms samkvæmt tölulíð 1.3 eða umönnunarþarfar samkvæmt tölulíð 1.5, skal færa okkur tafarlaust á kostnað umsækjanda eftirfarandi gögn:

a) Ítarlegar og skýrar skýrslur um niðurstöður sérfræðilækna sem rannsókuðu →hinn tryggða eða sem meðhöndluðu eða meðhöndla viðkomandi,

- þar sem staðfest eru orsök, upphaf, eðli, alvarleiki, framvinda og fyrirsjáanleg lengd meinsins sem og
- eftir atvikum áhrif slíks á eitthvert þeirra líkamlegu eða andlegu atgerva sem lýst er í tölulíð 1.2.

b) dómsúrskurður eða vottorð umönnunaraðila þegar mælt er fyrir um lögboðna umönnun.

c) ef farið er fram á bætur úr þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hafi hann verið tryggður aukalega:

- auk þess vottorð um eðli og umfang umönnunar, útgefið af umönnunarþjónustu eða þeirri stofnun sem annast →hinn tryggða.
- að svo miklu leyti sem fyrir liggja: bótatilkynning eða bótastaðfesting þess sem er ábyrgur fyrir umönnunarskyldutryggingunni og greinargerð með staðfestingu á umönnunarþörf samkvæmt lögum um félagsþjónustu (SGB) XI.
- Og þó svo að gögnin samkvæmt málsgreinum a) til c) verði lögð fram síðar greiðum við bætur afturvirkir fyrir þann tíma sem skerðing á líkamlegu eða andlegu atgervi eða umönnunarþörf sannanlega náði til (sjá tölulíði 1.1, málsgrein 2 a) og 1.5, málsgrein 2).

### (2) Samstarf við öflun gagna frá öðrum stöðum

Okkur er heimilt, reyndar á okkar kostnað, að afla persónuupplýsinga hjá eftirfarandi aðilum (sbr. 213. gr. laga um tryggingarsamninga - VVG):

- læknum,
- sjúkrahúsum,
- öðrum sjúkrastofnunum,
- hjúkrunarheimilum,
- sérfræðingum,
- umönnunarstarfsmönnum,
- öðrum tryggjendum einstaklinga,
- lögboðnum sjúkrasamlögum,
- starfsgreinasamböndum og
- yfirvöldum.

Þér er heimilt að neita slíkri gagnaöflun eða afturkalla þegar veitta heimild. Tryggingabætur gjaldfalla þó ekki ef afstaða þín veldur því að við getum ekki gengið úr skugga um hvort og að hve miklu leyti við erum bótaskyld.

### (3) Samstarf við frekari athuganir og frekari sannanir

Við getum farið fram á að læknar og sérfræðingar að okkar vali og á okkar kostnað skoði →hinn tryggða. Þá er um að ræða óháða lækna og sérfræðinga sem ekki starfa á vegum Allianz-félags.

Ef →hinn tryggði dvelst í útlöndum getum við krafist þess að læknisrannsóknirnar fari fram í Þýskalandi. Í því tilvikum greiðum við

- kostnaðinn við rannsóknirnar og
- venjulegan ferða- og dvalarkostnað.

Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölulíð 1.3, getum við á okkar kostnað farið fram á opinbert vottorð þess efnis að →hinn tryggði sé enn á lífi.

### (4) Afleiðing þess að vanrækja skyldur

Bæturnar gjaldfalla þegar við höfum lokið nauðsynlegri gagnaöflun í því skyni að leggja mat á tryggingartilvikið og umfang bóta. Ef þú rækir ekki einhverja af þeim skyldum sem tilgreindar eru í þessum kafla getur það leitt til þess að við náum ekki að leggja mat á hvort eða að hve miklu leyti við erum bótaskyld. Brot gegn samstarfsskyldu getur þannig leitt til þess að greiðslur gjaldfalla ekki.

- |     |  |
|-----|--|
| 5.2 | <b>Hvaða skuldbindingar skal hafa í huga til að takmarka tjón?</b> |
|-----|--|

→Hinn tryggði er skuldbundinn til að nota viðeigandi hjálpartól. Hjálpartól er viðeigandi þegar

- →hinn tryggði hefur notað slíkt áður, notar það nú þegar eða mun nota það framvegis og
- hjálpartíolið leiðir til bata á skertu líkamlegu eða andlegu atgervi.

### 5.3 Hvaða skuldbindingar skal hafa í huga þegar sannreyna á bótaskyldu okkar?

#### (1) Bótaskylda sannreynd

Ef við höfum viðurkennt eða staðfest að við séum bótaskyld, er okkur heimilt að sannprófa við

- skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölulíð 1.2 eða
  - umönnunarbörf samkvæmt tölulíð 1.6, ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hvort
- hinn tryggði sé enn með skert líkamlegt eða andlegt atgervi eða umönnunarbörf.

#### (2) Upplýsinga- og samstarfsskyldur

Þér ber að tilkynna okkur það tafarlaust ef skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölulíð 1.2 eða umönnunarbörf samkvæmt tölulíð 1.6 minnkar.

Til að geta sannreynt stöðuna á hverjum tíma

- þarf hvenær sem er að veita okkur upplýsingar sem málið varða,
- getum við einu sinni á ári farið fram á að lækni á okkar vegum rannsaki →hinn tryggði á ítarlega.

Kostnað sem af því getur hlotist ber okkur að greiða.

Auk þess gilda þær samstarfsskyldur sem um getur í 2. og 3. mgr. tölul. 5.1.

#### (3) Bótaskylda okkar fellur niður

Við erum ekki bótaskyld ef við komumst að því að forsendur bótaskyldu sem tilgreindar eru í tölulíð 1 eigi ekki við og við útskýrum það fyrir þér skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

Í því tilviki getum við stöðvað bótageiðslur okkar við lok þriðja mánaðar frá því er tilkynning okkar þar um barst þér. Fram að þeim tíma þarft þú líka að greiða iðgjöld á ný, ef iðgjaldsgreiðslutími er ekki runninn út.

### 5.4 Hvaða réttaráhrif hefur það að brjóta gegn skuldbindingum?

(1) Neikvæð áhrif á bótaskyldu okkar Ef þú, → hinn tryggði eða sá sem fer fram á bæturnar hefur brotið gegn einhverri skuldbindingu samkvæmt tölulíð

5.2 og tölulíð 5.3 getur slíkt leitt til þess að við séum ekki eða einungis að hluta til bótaskyld. Við getum aðeins nýtt þetta ákvæði ef við höfum með sérstakri skriflegri tilkynningu (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) bent þér á réttaráhrif þessi. Í einstökum atviki gildir:

- Ef brotið er gegn þessum skuldbindingum vísitandi erum við ekki bótaskyld.
- Ef brotið er gegn þessum skuldbindingum af vítaverðu gáleysi er okkur heimilt að skerða bótageiðslurnar. Skerðingin tekur mið af alvarleika sakarefnisins. Ef þú sannar að ekki sé um vítavert gáleysi að ræða skerðast bæturnar ekki.

Eins ef um ásetning og vítavert gáleysi er að ræða ber okkur að greiða bætur ef þú sannar fyrir okkur að brotið gegn skuldbindingunum

- sé hvorki orsök fyrir tilurð eða staðfestingu á tryggingartilviki
  - né fyrir staðfestingu eða umfangi bótaskyldu
- . Þetta á ekki við ef brotið er gegn skuldbindingunni með sviksamlegum hætti.

### (2) Skuldbindingar uppfylltar síðar

Ef skuldbindingarnar eru uppfyllt seinna erum við bótaskyld frá byrjun þess mánaðar þegar staðið var við skuldbindingarnar samkvæmt þessum reglum.

### 5.5 Hvaða gagna getum við krafist til viðbótar?

## 6. Yfirlýsing vegna bótaskyldu okkar

#### Hvenær gefum við út yfirlýsingu um bótaskyldu okkar?

Á meðan bótaskylda er sannprófuð upplýsum við þig eigi sjaldnar en á 4 vikna fresti um framvindu málsins.

Þegar okkur hafa borist öll nauðsynleg gögn tilkynnum við í síðasta lagi að fjórum vikum liðnum skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) hvort við greiðum bætur og þá hversu miklar og frá og með hvaða tímamarki.

Við höfum alfarið möguleika á tímabundinni viðurkenningu.

## 7. Kostnaður vegna samningsins

Um kostnað samningsins gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þáttar.

Í þessum hluta er fjallað um:

#### 7.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?

#### 7.2 Hvaða kostnað getum við innheimt hjá þér sérstaklega?

#### 7.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?

##### (1) Samningsgerðar- og sölukostnaður

Samningnum fylgir samningsgerðar- og sölukostnaður (→kostnaður) Þér ber að greiða hann. Við reiknuðum samningsgerðar- og sölukostnaðinn (→kostnaður) inn í iðgjaldið, hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

Við notum samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) til dæmis til að greiða þóknun tryggingarmiðlara, kostnað við mat á umsókninni og við gerð samningsgagna.

##### a) Kostnaður og umsamin iðgjöld við samningsgerð

Við reiknum samningsgerðar- og sölukostnað samningsins (→kostnaður) sem prósentuhlut iðgjaldaupphæðarinnar sem samið var um við samningsgerð.

Samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) dreifum við

- með jöfnum iðgjöldum árlega,
- í að minnsta kosti 5 ár,
- en þó ekki lengur en til loka umsamins iðgjaldatíma.

##### b) Kostnaður þegar upphæð umsaminna iðgjalda hækkar

Þegar upphæð umsaminna iðgjalda hækkar reiknum við mismuninn á gömlu og nýju iðgjaldsupphæðinni sem hér segir af samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður):

- Ef bætur hækka á samningstímanum vegna iðgjaldgreiðslna, t.d. ef tryggðar bætur hækka (sjá tölulíð 10.1) eða
- ef hækkan gerist smám saman dreifum við samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) sem prósentuhlut mismunarins á gömlu og nýju iðgjaldssamtölunni, frá því er hækkanin tók gildi eins og lýst er í setningu 2, málsgrein a).

##### (2) Annar kostnaður

Samningnum fylgir annar kostnaður (→kostnaður). Þér ber einnig að greiða þann kostnað. Til annars kostnaðar telst einkum umsýslukostnaður. Umsýslukostnaður (→kostnaður) er kostnaðurinn vegna stöðugar umsýslu sem tengist samningnum. Allur annar kostnaður (→kostnaður) er reiknaður inn í iðgjaldið og hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

##### a) Annar kostnaður ef enginn reglubundinn lífeyrir eða viðbótarlífeyrir vegna umönnunar er greiddur

Svo lengi sem við greiðum engan reglubundinn lífeyri við skert líkamlegt eða andlegt atgervi eða viðbótarlífeyri vegna umönnunar, leggjum við annan kostnað á samninginn (→kostnaður) svona:

#### Tryggingarskilmálar:

A hluti - Heilsutrygging E230

- sem árlega upphæð í evrum og
- sem prósentuhlut umsaminna iðgjalda.

Þetta gildir á sama hátt ef bætur hækka á samningstímanum vegna iðgjaldagreiðslna, t.d. ef tryggðar bætur hækka (sjá töluð 10.1).

#### **b) Umsýslukostnaður þegar greiddur er reglubundinn lífeyrir eða viðbótarlífeyrir vegna umönnunar**

Ef við greiðum reglubundinn lífeyri við skert líkamlegt eða andlegt atgervi leggjum við umsýslukostnað á samninginn (→kostnaður) sem prósentuhlut greiddra bóta við skert líkamlegt eða andlegt atgervi.

Ef við greiðum bætur úr þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, leggjum við umsýslukostnað (→kostnaður) á samninginn sem prósentuhlut greiddra bóta úr þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar.

Þetta gildir á sama hátt ef bætur hækka á samningstímanum vegna iðgjaldagreiðslna, t.d. ef tryggðar bætur hækka (sjá töluð 10.1).

#### **(3) Hæð kostnaðar**

Upplýsingar um hæð samningsgerðar- og sölukostnaðar og annars kostnaðar (→kostnaður) má lesa í vöruupplýsingablaðinu.

#### **7.2 Hvaða kostnað getum við innheimt hjá þér sérstaklega?**

##### **(1) Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu í sérstökum, lögboðnum tilvikum**

Ef eitthvað sérstakt af þínum völdum orsakar aukalega umsýslu getum við í eftirtöldum tilvikum innheimt hjá þér sérstaklega meðaltalskostnað sem fast gjald.

- Útgáfa varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrita af tryggingarskírteininu
- Veiting gjaldfrests þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd
- Úrvinnsla greiðslna í vanskilum
- Úrvinnsla endursendra skuldfærslubeiðna
- Frágangur breytinga á samningi
- Vinna við afsöl og veðsetningar
- Öflun einstakra yfirlýsinga ef undanskilja á einhvern frá þagnarskyldu
- Millifærsla iðgjalds frá þér frá stað utan SEPA-greiðsluvæðis eða millifærsla greiðslu frá okkur til staðar utan SEPA-greiðsluvæðis.

##### **(2) Framsetning kostnaðar í kostnaðaryfirliti**

Um hæð →kostnaðar sem við getum innheimt hjá þér samkvæmt 1. mgr. má lesa í hjálögðu kostnaðaryfirliti okkar vegna aukalegrar umsýslu. Sanngjarna aðlögun þessara kostnaðarliða (→kostnaður) (315. gr. Borgaralegrar lögboðar - BGB) er okkur heimilt að gera í framtíðinni. Kostnaðaryfirlit sem í gildi er hverju sinni má fá hjá okkur hvenær sem um það er beðið. Ef kostnaðaryfirlitið tilgreinir engan →kostnað fyrir einhvern þeirra liða sem nefndir eru í 1. mgr. er ekki reiknaður kostnaður fyrir þann lið um þessar mundir.

##### **(3) Sýna má fram á lægri kostnað**

Við teljum →kostnaðinn vegna aukinnar umsýslu sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfalli eigi →kostnaðurinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur kostnaðurinn niður eða við lækkum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

## 8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds

Í þessum hluta er fjallað um:

- 8.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfria?
- 8.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?
- 8.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

#### 8.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfria?

##### **(1) Forsendur**

Hægt er að fara skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti)

fram á að tryggingin haldi áfram án þess að greidd verði iðgjöld (undanþága frá greiðslu iðgjalds). Hægt er að koma á undanþágu frá greiðslu iðgjalds í lok hvers tryggingartímabils (sjá B hluta, töluð 2.1).

##### **(2) Lágmarks tryggingabætur**

Ef iðgjaldsfrír lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, á þeim tíma þegar fyrirhugað er að gera trygginguna iðgjaldsfria, nemur að minnsta kosti 200 evrum, lækkar tryggður lífeyrir samkvæmt 3. mgr. við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi. Ef þessar lágmarkstryggingarbætur nást ekki fellur tryggingin niður.

##### **(3) Áhrif**

Ef farið er fram á undanþágu frá greiðslu iðgjalds lækkum við tryggðan lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar. Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur eða ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar lækkum við þessar tryggðu bætur sömuleiðis samkvæmt viðurkenndum reglum

tryggingastærðfræðinnar. Þá leggjum við →bótahöfuðstólinn til grundvallar og er hann reiknaður út eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar á þeim reikniforsendum sem gilda um iðgjaldauttreikninga.

→Bótahöfuðstólinn hefur þó í tryggingum með reglubundnum iðgjaldsgreiðslum að minnsta kosti það verðgildi sem kemur fram við jafna dreifingu samningsgerðar- og sölukostnaðar, sem ákveðinn er með tilliti til eftirlitsréttarlegra hámarks-Zillmerstiga (→kostnaður), á fyrstu 5 tryggingarárin, í mesta lagi þó á iðgjaldsgreiðslutímanum.

Útreikningur iðgjaldsfrírra bóta fer fram við lok tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölulíð 1.3, helst hlutfallið milli hæðar lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og höfuðstóls komi upp alvarlegur sjúkdómur óbreytt eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds.

Ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar helst hlutfall lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og viðbótarlífeyris vegna umönnunar sómuleiðis óbreytt eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds.

Tölulíður 7 gildir áfram eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds, en ekki verður reiknaður →kostnaður sem prósentu af iðgjaldi.

#### (4) Frádráttur

Frá upphæðinni sem finnst samkvæmt 3. mgr. reiknum við frádrátt.

Hæð og ástæður frádráttarins er að finna í tryggingagögnunum.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkuð hann - í síðara tilvikinu - að sama skapi.

#### (5) Áframhaldandi bótakröfur

Kröfur á grundvelli tryggingarinnar sem byggja á skertu líkamlegu eða andlegu atgervi samkvæmt tölulíð 1.2, eða uppkomnum alvarlegum sjúkdómi samkvæmt tölulíð 1.4 eða umönnunarþörf samkvæmt tölulíð 1.6, sem upp komu áður en tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, lifa áfram eftir að tryggingin er gerð iðgjaldsfrí.

#### 8.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?

Það getur haft ókosti í för með sér að gera trygginguna iðgjaldsfría. Samanlögð upphæð innborgaðra iðgjalda á tryggingartímanum nær ekki endilega þeirri upphæð sem þarf til að mynda iðgjaldsfríar bætur, vegna þess að frá iðgjöldunum þarf að draga samningsgerðar- og sölukostnað og annan kostnað (→kostnaður) samkvæmt tölulíð 7.1 og fjármögnun áhættusjóðs. Nánar má lesa um hæð iðgjaldsfrírra bóta á samningstímanum í tryggingagögnunum.

#### 8.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

##### (1) Sex mánaða frestur til að koma tryggingarvernd á að nýju án áhættumats

Innan 6 mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí má fara fram á að tryggðar greiðslur verði hækkaðar upp í þá tryggingarvernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí, án áhættumats. Forsenda þess er að greiðsla iðgjalds hefjist að nýju samkvæmt 3. mgr.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu og endurheimt tryggingarverndar er útilokuð ef →hinn tryggði er - á þeim tíma þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast á ný -

- með skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt tölulíð 1.2,
- með alvarlegan sjúkdóm samkvæmt tölulíð 1.4 eða
- umönnunarþurfi samkvæmt tölulíð 1.6.

##### (2) Almennur frestur til að koma tryggingarvernd á að nýju með áhættumati

Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3ja ára frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, fara fram á að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslu samkvæmt 3. mgr. verði tryggðar bætur hækkaðar upp í þá tryggingarvernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef tryggingin varð iðgjaldsfrí vegna foreldraorlofs getur fresturinn, milli þess sem tryggingin var gerð iðgjaldsfrí og fram að endurheimt fyrri tryggingarverndar, einnig verið lengri en 3 ár. Í þessu tilviki verður endurheimt tryggingarverndar þó að eiga sér stað í síðasta lagi innan 3ja mánaða frá lokum foreldraorlofs. Ef foreldraorlofi er skipt niður í marga áfanga þarf að koma tryggingaverndinni á að nýju í hvert sinn, innan þriggja mánaða frá lokum hvers áfanga.

Við getum komið fyrri tryggingarvernd á að nýju ef →hinn tryggði, þegar tryggingarverndin er endurheimt, gæti samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

##### (3) Möguleikar við endurheimt tryggingarverndar

Til að koma á að nýju þeirri tryggingavernd sem gildi áður en undanþága frá greiðslu iðgjalds gekk í gildi má

- greiða iðgjöldin fyrir tímabilið sem var iðgjaldsfrítt, eða
- greiða hærri reglubundin iðgjöld.

Þess í stað má einnig koma tryggingarverndinni á að nýju án þess að koma allri tryggingarverndinni á að nýju eins og hún var fyrir undanþágu frá greiðslu iðgjalds ef aðeins iðgjaldsgreiðslan hefist á ný. Tryggðar bætur reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við reiknum nýju iðgjöldin og nýju tryggðu bæturnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.8. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

## 9. Uppsögn

Í þessum hluta er fjallað um:

- |            |  |
|------------|--|
| <b>9.1</b> | <b>Hvenær má segja tryggingunni upp?</b>   |
| <b>9.2</b> | <b>Hvaða áhrif hefur uppsögn tryggingarinnar?</b>  |
| <b>9.3</b> | <b>Hvenær má segja upp sérstaklega aukalega þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar?</b> |

### 9.1 Hvenær má segja tryggingunni upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp á eftirfarandi tímum skriflega (t.d. í bréfi, símbréfi, tölvupósti):

- tryggingum þar sem iðgjöld eru greidd með reglubundnum hætti við lok tryggingartímabils,
- iðgjaldsfríum tryggingum við lok yfirstandandi mánaðar.

Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur samkvæmt tölulíð 1.3, er ekki hægt að segja þeim höfuðstóli upp sérstaklega.

### 9.2 Hvaða áhrif hefur uppsögn tryggingarinnar?

Ef tryggingunni er sagt upp ráðast áhrifin af því hvort →hinn tryggði er, á þeim tíma þegar sagt er upp, með skert líkamlegt eða andlegt atgervi

samkvæmt tölulíð 1.2 eða er umönnunarþurfi samkvæmt tölulíð 1.6:

**(1) Skert líkamlegt eða andlegt atgervi við uppsögn**

Ef →hinn tryggði er með skert líkamlegt eða andlegt atgervi við uppsögn lifa kröfur á grundvelli tryggingarinnar vegna fram komins skerts líkamlegs eða andlegs atgervis fyrir uppsögn áfram. Reglubundinn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi (sjá tölulíð 1.1) greiðist áfram við uppsögn.

Ef tryggður var aukalega þátturinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar og →hinn tryggði er umönnunarþurfi við uppsögn, lifa kröfur á grundvelli þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar vegna framkominnar umönnunarþarfar fyrir uppsögn áfram. Reglubundinn viðbótarlífeyrir vegna umönnunar (sjá tölulíð 1.5) greiðist áfram við uppsögn. Ef →hinn tryggði er ekki umönnunarþurfi við uppsögn fellur þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar niður.

**(2) Óskert líkamlegt eða andlegt atgervi við uppsögn**

Tryggingin fellur niður ef →hinn tryggði er ekki með skert líkamlegt eða andlegt atgervi við uppsögn.

**(3) Afleiðingar uppsagnar**

Þú átt hvorki rétt á endurkaupvirði né endurgreiðslu greiddra iðgjalda ef tryggingunni er sagt upp.

**9.3 Hvenær má segja upp sérstaklega aukalega þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar?**

Ef greidd eru reglubundin iðgjöld vegna tryggingarinnar má við lok tryggingartímabilsins segja skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) upp sérstaklega þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar, hafi hann verið tryggður sérstaklega.

Uppsögn er einungis heimil fyrir lok sjötta síðasta árs tryggingartímans. Við uppsögn er hvorki fyrir hendi tilkall til endurkaupvirðis né endurgreiðslu iðgjalda.

**10. Möguleikar við samningsgerð**

Hér er að finna fjölmarga samningsmöguleika tryggingarinnar. Þeir eru bundnir vissum skilyrðum. Ef tiltekinn samningsmöguleiki er valinn getur það haft áhrif á hæð tryggingargreiðslna.

Í þessum hluta er fjallað um:

10.1	Hvenær má hækka tryggðar bætur án nýs áhættumats?
10.2	Hvenær má breyta þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar í sjálfstæða umönnunartryggingu á tryggingartímanum?
10.3	Hvenær má breyta tryggingunni í sjálfstæða umönnunartryggingu við lok tryggingartímans?
10.4	Hvenær má fresta greiðslu iðgjalda í atvinnuleysi eða foreldraorlofi?

10.1	Hvenær má hækka tryggðar bætur án nýs áhættumats?
------	---

**(1) Sjálfstæð hækkan lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi**

Hægt er að fara fram á að hækka umsaminn lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi innan

fyrstu 5 áranna frá upphafi tryggingar án nýs áhættumats. Þetta á ekki við ef

- →hinn tryggði var í meira en 14 almanaksdaga samfleytt á árinu á undan hækkanardegi ófær um að gegna starfi sínu eða
- ef tryggingin komst á með einfölduðu áhættumati eða
- ef tryggingin komst á með því að hækka aðra tryggingu eða breyta eða koma í stað annarrar tryggingar án nýs áhættumats.

Hækkunin er því aðeins heimil að árlegur lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi fari ekki yfir 60.000 evrur eftir hækkun.

**(2) Hækkun lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi bundin skilyrði**

Hægt er að hækka umsaminn lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi án nýs áhættumats við eftirtalin tilefni ef farið er fram á hækkanina innan 6 mánaða frá því er tilefnið átti sér stað:

a) Fæðing barns →hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling;

b) →Hinn tryggði hefur sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem sjálfstæði atvinnureksturinn krefst aðildar að fagfélagi eða ráði;

c) →Hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar þátttöku í atvinnulífínu;

d) →Hinn tryggði tekur lán til kaupa á fasteign til eigin nota að upphæð að minnsta kosti 100.000 evrur;

e) Hjónaband eða stofnað er til skráðrar sambúðar →hins tryggða;

f) hjónaskilnaður eða slit skráðrar sambúðar →hins tryggða;

g) →Árslaun hins tryggða hækka að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Ef →hinn tryggði er fastráðinn starfsmaður þurfa tryggð árslaun að hafa hækkað um að minnsta kosti 10 prósent miðað við undangengið almanaksár.
- Ef →hinn tryggði er sjálfstætt starfandi þurfa tekjurnar á 3 undanförmum almanaksárum samfleytt, fyrir frádrátt launatekna hans, að hafa hækkað hverju sinni um 10 prósent miðað við launin fyrir skatt á almanaksári fyrir 3ja ára tímabilið.

h) →Hinn tryggði fær prókúruumboð;

i) Tekjur →hins tryggða fer í fyrsta skipti upp fyrir gildandi viðmiðunarmörk iðgjalda í almenna þýska lífeyrissjóðnum (allgemeinen Deutschen Rentenversicherung) í heimabyggð →hins tryggða.

j) Skylduaðild →hins tryggða að lífeyrissjóði tiltekinnar starfsgreinar;

k) Lok samnings um lífeyrissjóð fyrirtækis þar sem →hinn tryggði átti tilkall til gjaldfallinna lífeyrissjóðsgreiðslna að uppfylltum svofelldum skilyrðum:

- →Hinn tryggði er í nýju starfi þar sem honum hefur ekki verið sagt upp störfum eða hefur hafið sjálfstæðan atvinnurekstur sem krefst aðildar að viðkomandi fagfélagi eða ráði.

l) Undanþága frá greiðslu iðgjalds í samningi um lífeyrissjóð fyrirtækis þar sem →hinn tryggði átti tilkall til lífeyrissjóðsgreiðslna sem gjaldfalla eða gjaldfalla ekki að uppfylltum svofelldum skilyrðum:

- →Hinn tryggði heldur samningnum um lífeyrissjóð fyrirtækis áfram en ekki sem einstaklingssamningi með eigin iðgjöldum.

- Hinn tryggði er í starfi þar sem honum hefur ekki verið sagt upp störfum eða hefur hafið sjálfstæðan atvinnurekstur sem krefst aðildar að viðkomandi fagfélagi eða ráði.

### (3) Frekari forsendur

Auk þess gildir um hækkun:

- Hinn tryggði má við hækkun samkvæmt 1. mgr. ekki hafa náð meira en reiknuðum 40 árum hið mesta.
- Hinn tryggði má við hækkun samkvæmt 2. mgr. ekki hafa náð meira en reiknuðum 45 árum hið mesta.
- Hinn tryggði er ekki með skert líkamlegt eða andlegt atgervi samkvæmt töluvið 1.2 og heldur ekki með alvarlegan sjúkdóm samkvæmt töluvið 1.4.

Ef þessar forsendur eru ekki fyrir hendi kemur ekki til hækkunar.

### (4) Mörk

Um hækkun umsamins lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi án nýs áhættumats gilda svofelld mörk:

- árlegur lífeyrir þarf að hækka um að minnsta kosti 600 evrur;
- árlegur lífeyrir má í mesta lagi hækka um 6.000 evrur;
- margar hækkanir virks lífeyris →hins tryggða mega samtals ekki hækka um meira en 12.000 evra árlegan lífeyri;
- allur núgildandi örorkulífeyrir →hins tryggða og lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi verða samtals að vera í sanngjörnu hlutfalli við tekjur hins tryggða. Þegar atvinnutekjur nettó nema allt að 50.000 evrum á ári má lífeyrir samtals ekki nema meiru en 80 prósentum atvinnutekna nettó; þegar atvinnutekjur nettó →hins tryggða eru hærri mega núverandi örorkulífeyrir og lífeyrir við skert líkamlegt eða andlegt atgervi samtals ekki vera hærri en samtala 80 prósentu af 50.000 evrum auk 60 prósentu af því sem er umfram 50.000 evra atvinnutekjur nettó. Sem atvinnutekjur nettó teljast í því sambandi meðal atvinnutekjur nettó 3ja undangenginna ára.

### (5) Áhrif

- Ef samið var um höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur, hækkar sá höfuðstóll einnig. Við hækkun helst hlutfall umsamins lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og umsamins höfuðstóls óbreytt.
- Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar hækkar viðbótarlífeyrir vegna umönnunar í sama hlutfalli og lífeyrir við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi. Mánaðarlegur tryggður viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má ekki vera hærri en 2.000 evrur.
- Um hækkaðan lífeyri við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, um hækkaðan höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur og um hækkaðan viðbótarlífeyri vegna umönnunar gilda þær breytingar og frekari sérstakar samningar um eðli og umfang tryggingarverndarinnar sem lesa má í tryggingarskírteininu. Ef annað er ekki tekið fram þar gilda um útreikning hækkaðs lífeyris við líkamlegt og andlegt atgervi, hækkaðan höfuðstól og hækkaðan viðbótarlífeyri vegna umönnunar reglurnar samkvæmt 2. mgr. tölu. 1.8. Þegar ákveðnar iðgjaldaálögur getum við hækkað að sama skapi.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

## 10.2 Hvenær má breyta þættinum Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar í sjálfstæða umönnunartryggingu á tryggingartímanum?

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má 5, 15 eða 25 árum áður en tryggingatíminn rennur út fara fram á að við breytum henni í sjálfstæða umönnunartryggingu án nýs áhættumats.

### (1) Forsendur

- Hinn tryggði er ekki umönnunarþurfi.
- Tryggingin hefur ekki verið gerð iðgjaldsfrí samkvæmt töluvið 8.1.
- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir þann tíma sem segir í setningu 1.

Ef þessar forsendur eru ekki fyrir hendi kemur ekki til breytingar.

### (2) Mörk

- Mánaðarlegi umönnunarlífeyririnn sem þá er samið um má í hæsta lagi samsvara þeim mánaðarlega örorkulífeyri sem síðast samdist um.
- Tryggður mánaðarlegur umönnunarlífeyrir sem þá er samið um á neðsta umönnunarþrepi má ekki vera hærri en 1.000 evrur.
- Tryggður mánaðarlegur umönnunarlífeyrir sem þá er samið um á hæsta umönnunarþrepi má ekki vera hærri en 2.000 evrur.

### (3) Áhrif

- Bætur við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi og við hugsanlega umsamin höfuðstól komi upp alvarlegur sjúkdómur haldast óbreyttar. Aukalega umsamin þáttur Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar fellur niður. Iðgjald vegna þáttarins Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar fellur niður.
- Um sjálfstæða umönnunartryggingu gilda tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem gert er ráð fyrir við gerð nýrrar sjálfstæðrar umönnunartryggingar á þeim tíma þegar umbreytingin á sér stað.
- Við reiknum iðgjald eða bætur fyrir sjálfstæða umönnunartryggingu samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Iðgjald getur hækkað.

## 10.3 Hvenær má breyta tryggingunni í sjálfstæða umönnunartryggingu við lok tryggingartímans?

Ef tryggður var aukalega þátturinn Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar má við lok tryggingartímans fara fram á að við breytum tryggingunni í sjálfstæða umönnunartryggingu án nýs áhættumats.

### (1) Forsendur

- Hinn tryggði er ekki umönnunarþurfi.
- Tryggingin hefur ekki verið gerð iðgjaldsfrí samkvæmt töluvið 8.1.
- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði áður en tryggingatími tryggingarinnar rennur út.

Ef þessar forsendur eru ekki fyrir hendi kemur ekki til breytingar.

### (2) Mörk

- Mánaðarlegi umönnunarlífeyririnn sem þá er samið um má í hæsta lagi samsvara þeim mánaðarlega örorkulífeyri sem síðast samdist um.
- Tryggður mánaðarlegur umönnunarlífeyrir sem þá er samið um á neðsta umönnunarþrepi má ekki vera hærri en 1.000 evrur.
- Tryggður mánaðarlegur umönnunarlífeyrir sem þá er samið um á hæsta umönnunarþrepi má ekki vera hærri en 2.000 evrur.

### (3) Áhrif

- Um sjálfstæða umönnunartryggingu gilda tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem gert er ráð fyrir við gerð nýrrar sjálfstæðrar umönnunartryggingar á þeim tíma þegar umbreytingin á sér stað.
- Við reiknum iðgjald eða bætur fyrir sjálfstæða umönnunartryggingu samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Iðgjald getur hækkað.

## 10.4 Hvenær má fresta greiðslu iðgjalda í atvinnuleysi eða foreldraorlofi?

### (1) Tímabundin undanþága frá greiðslu iðgjalds

Í atvinnuleysi eða foreldraorlofi má gera samninginn iðgjaldsfrían tímabundið í allt að 12 mánuði samkvæmt reglum töluvið 8.1 og 8.2. Það þarf að tilkynna okkur um frestunina áður en samningurinn verður gerður iðgjaldsfrír. Að frestinum loknum heldur samningurinn áfram sjálfkrafa án áhættumats. Í þeim efnum gilda reglur 1. og 3. mgr. tölu. 8.3.

**(2) Sönnun fyrir atvinnuleysi eða foreldraorlofi**

Ef farið er fram á tímabundna undanþágu frá greiðslu iðgjalda vegna atvinnuleysis eða foreldraorlofs þarf að sanna það meðvottorði, til dæmis með tilkynningu frá viðkomandi vinnumálastofu. Lok atvinnuleysis eða fæðingarorlofs ber að tilkynna okkur tafarlaust.



## B hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A hluta. Reglur B hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

### 1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

#### Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

##### (1) Tilkynningaskylda

###### a) Viðfangsefni tilkynningaskyldu

Áður en þú gefur samningsyfirlýsingu þína er þér skylt að segja til um allar aðstæður, sem hafa áhrif á áhættu sem þér eru kunnar og við höfum spurt um í textaformi, sannleikanum samkvæmt og undandráttafrelaust. Aðstæður sem hafa áhrif á áhættu eru aðstæður sem skipta máli fyrir ákvörðun okkar um að gera samning yfir höfuð eða með umsömdu efni.

Tilkynningaskyldan gildir einnig um þær spurningar varðandi aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, sem við spyrjum um í textaformi eftir samningsyfirlýsingu þína, en fyrir samþykkt samnings.

###### b) Tilkynningaskylda hins tryggða

Ef tryggja á annan einstakling en þig er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir sönnum og undandráttafrelaustum svörum við spurningunum í textaformi.

###### c) Ætluð vitneskja þriðju aðila

Ef einhver annar svarar fyrir þína hönd spurningunum um aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, gefum við okkur að þér sé kunnugt um vitneskju og sviksamlegan ásetning þessa aðila.

##### (2) Óæskileg réttaráhrif þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu

###### a) Réttur okkar þegar brotið er gegn tilkynningaskyldu

Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í 19. til 22. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum,
- verið laus undan greiðsluskilyldu,
- sagt samningnum upp,
- breytt samningnum eða
- vefengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða breytinga gildir aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu á textaformi.

Ef samið var um þáttinn Örorku- eða Umönnunarbætur eða Heilsutryggingu gildir eftirfarandi um þá þætti: Við afsöllum okkur þeim rétti sem við eigum tilkall til samkvæmt 19. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG) að mega breyta samningi og segja honum upp, ef brot gegn tilkynningaskyldu er ekki af þínu völdum.

###### b) Endurkaupvirði og frádráttur við riftun eða véfengingu

Ef við riftum samningnum eða véfengjum samninginn vegna sviksamlegra blekkinga greiðum við endurkaupvirðið sem yrði einnig greitt við riftun af þinni hálfu. Af þessari upphæð reiknum við frádrátt. Í tryggingarupplýsingunum er tilgreint hversu há frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis útskýrðar. Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkum hann - í síðara tilvikinu - að sama skapi.

###### c) Frestur til að beita rétti okkar

Réttur okkar til að rifta, segja upp og breyta samningi fellur niður ef liðin eru meira en 5 ár frá samningsgerð. Þetta á ekki við ef við

fréttum af broti á tilkynningaskyldu fyrir tilstilli tryggingartilviks sem átti sér stað áður en fresturinn rann út. Frestur samkvæmt 1. setningu nemur tíu árum ef brotið var gegn tilkynningaskyldu af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til vefengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður ef liðin eru tíu ár frá því að samningsyfirlýsing var afhent.

##### (3) Réttur þinn til uppsagnar við breytingu á samningi

Ef við hækjum iðgjaldið um meira en 10 prósent við breytingu á samningi, eða útilokum tryggingarvernd við aðstæður sem okkur var ekki tilkynnt um, má segja samningnum upp samkvæmt 6. mgr. 19. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG).

##### (4) Tryggingarvernd aukin eða endurheimt

Málgreinar 1 til 3 gilda að sama skapi ef tryggingavernd er aukin eða endurheimt eftirá þannig að nýtt áhættumat sé nauðsynlegt.

##### (5) Krafist er skriflegra gagna

Krafist er skriflegra gagna þegar beita á rétti til riftunar, uppsagnar, vefengingar eða breytingar á samningi. Símbref eða tölvupóstur uppfylla ekki kröfu um skrifleg gögn.

##### (6) Umboð til móttöku

Hafirðu ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmann telst bótaþegi hafa umboð til þess, að þér látnum, að taka við yfirlýsingu frá okkur.

Ef enginn bótaþegi er fyrir hendi eða ekki reynist unnt að hafa uppi á aðsetri hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

### 2. Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hvað þarf að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?
- 2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?
- 2.3 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

#### 2.1 Hvað þarf að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?

##### (1) Greiðslutímabil

Iðgjald af tryggingunni skal greiða

- í einu lagi eða
- með reglubundnum iðgjöldum fyrir hvert umsamið greiðslutímabil. Í því tilviki og eftir því hvernig um samdist er greiðslutímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár. Þetta er tilgreint í tryggingarskírteininu. Iðgjöldin eru reiknuð út miðað við umsamið greiðslutímabil. Tryggingartímabil (12. gr. laga um tryggingarsamninga - VVG) samsvarar þannig umsömdu greiðslutímabili.

##### (2) Gjaldþagi iðgjalds

###### a) Fyrsta eða einstakt iðgjald

Fyrsta eða einstakt iðgjald skal greiða tafarlaust eftir gerð samningsins. Ef samið var um það okkar í millum að

tryggingavernd skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfellur iðgjaldið ekki fyrr en að því kemur.

#### b) Framhaldsiðgjöld

Framhaldsiðgjöld gjaldfalla fyrsta hvers mánaðar í hverju umsömdu greiðslutímabili hafi ekki verið um annað samið.

#### (3) Greitt á tilskildum tíma

Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjalddaga til þess að iðgjaldið berist okkur.

Ef samið var um að iðgjald skyldi greitt með skuldfærslu (5. mgr.) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef

- við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga
- og eigandi reiknings mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef ekki reyndist unnt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) til að greiða iðgjaldið.

#### (4) Áhætta við millifærslu

Sending iðgjalds fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

#### (5) Greitt með skuldfærslubeiðni

##### a) SEPA-skuldfærsluheimild

Ef skuldfæra skal iðgjald af reikningi (skuldfærslukerfi) verður að veita okkur til þess SEPA-skuldfærsluheimild.

##### b) Mánaðarleg iðgjöld

Mánaðarleg iðgjöld skal greiða í skuldfærslukerfi.

##### c) Afleiðingar misheppnaðrar skuldfærslu

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því,

- getum við framvegis farið fram á það að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfisins;
- er okkur heimilt að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda reglur um vanskil (sjá tölul. 2.2 og 2.3).

## 2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

### (1) Tryggingarvernd stefnt í hættu

Upphaf tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma (sjá C hluta, tölul. 1). Ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma í skilningi 2. mgr. a) tölul. 2.1 hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar iðgjaldið er greitt. Okkur er ekki skylt að greiða fyrir bótamál sem koma upp í millitíðinni, nema hægt sé að sýna okkur fram á að greiðslufallið var ekki þér að kenna.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki bætur ef við höfum ekki með sérstakri tilkynningu í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) eða skýrri ábendingu í tryggingarskírteininu bent þér á réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið.

### (2) Riftunarréttur okkar

Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarrétturinn er útilokaður ef sannað er að greiðandi beri ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

## 2.3 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

### (1) Vanskil

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á tilskildum tíma í skilningi 2. mgr. b) tölul. 2.1

er það komið í vanskil án frekari greiðsluáskorana. Þá eigum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaut.

Þú lendir ekki í vanskilum ef þú berð ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

### (2) Frestir

Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að vera að minnsta kosti tvær vikur.

### (3) Tryggingarvernd fellur niður eða skerðist ef frestur líður án árangurs

Í tryggingartilvikum sem upp koma eftir að veittur gjaldfrestur er liðinn fellur tryggingavernd niður eða skerðist, ef

- greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar tryggingartilvik kemur upp og
- við höfum bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

### (4) Réttur okkar til uppsagnar ef frestur líður án árangurs

Ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar veittur gjaldfrestur er á enda getum við sagt samningnum upp án uppsagnarfrests. Forsenda þess er að við höfum bent þér á þau réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

Við getum lýst yfir uppsögn um leið og fresturinn er veittur. Ef greiðslan er enn í vanskilum þegar fresturinn er liðinn tekur uppsögn sjálfkrafa gildi. Við bendum skilmerkilega á þetta við uppsögn.

### (5) Samningur heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um greiðist eftir á

Uppsögn okkar er ógild og samningurinn heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um er greidd innan eins mánaðar. Þessi eins mánaðar frestur hefst um leið og uppsögnin eða, ef uppsögn tók gildi um leið og fresturinn, þegar greiðslufrestur rennur út.

Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að gjaldfrestur er liðinn og eftirgreiðsla er innt af hendi fellur tryggingarverndin niður eða skerðist.

## 3. Aðrar samstarfsskyldur

### Hverjar eru aðrar samstarfsskyldur þínar?

#### (1) Skylda til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn

Ef lagalegar reglur skylda okkur til öflunar, vistunar og úrvinnslu upplýsinga og gagna um tryggingu þína og tilkynna um þau verður þú að láta okkur í té tafarlaust - sem merkir án saknæmrar tafar - nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn við samningsgerð eða þegar eftir því verður leitað. Þetta á einnig við ef breytingar verða síðarmeir á þeim upplýsingum, gögnum og fylgigögnum sem þú lést í té við samningsgerð eða þegar eftir því var leitað.

Ef þriðji aðili á réttindi byggð á samningnum og ef staða hans varðandi gagnaöflun og tilkynningar er einnig afgerandi á samstarfsskylda þín sömuleiðis við um slíkt.

#### (2) Nauðsynlegar upplýsingar

Nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 1. mgr. eru öll málsatvik sem geta verið afgerandi við mat á persónulegu skattalegu lögheimili þínu, skattalegu lögheimili þriðju aðila sem eiga kröfu á grundvelli samningsins sem og skattalegu lögheimili þess sem tekur við bótagreiðslunum. Undir þetta heyrar fyrst og fremst þýsk eða erlend

Tryggingarskilmálar:  
B hluti - Skyldur sem gilda um alla

skattaleg lögheimili, skattaúðkennisnúmer, fæðingardagur,  
fæðingarstaður og heimilisfang.

**(3) Lögboðið samstarf vegna tilkynningaskyldu vanrækt**

Ef við sem tryggjandi lútum lögboðinni tilkynningaskyldu þurfum við að tilkynna nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 2. mgr. til innlendra og erlendra skattýfirvalda. Ef þú lætur okkur nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn ekki í té eða ekki á tilskyldum tíma verður þú að ger ráð fyrir að við tilkynnum innlendum og erlendum skattýfirvöldum um samningsgögn þín, óháð því hvort erlent skattalegt lögheimili sé fyrir hendi eða ekki.

Ef þú rækir ekki samstarfsskyldur þínar samkvæmt 1. og 2. málsgrein er okkur heimilt að halda eftir bótagreiðslum. Þetta á við þar til okkur hafa verið veittar þær upplýsingar sem við þörfnumst til að geta staðið við lagaskyldur okkar.

.

## C hluti - Almennar reglur

Reglur C hluta gilda um allan samninginn, svo framfarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

### 1. Upphaf tryggingarverndar

#### Hvenær hefst tryggingarverndin?

##### (1) Grundvallarregla

Tryggingarverndin hefst með lokum samningsgerðar en þó ekki fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.

Tryggingarverndin hefst því aðeins á tilgreindum tíma að þú hafir greitt fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi 2. mgr. a) tölul. 2.1 í B hluta. Ef þú greiðir iðgjaldið ekki á réttum tíma hefst tryggingarverndin ekki fyrr en frá þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið (sjá 1. mgr. tölul. 2.2 í B hluta).

Við greiðum ekki bætur vegna tryggingartilvika sem upp koma fyrir upphaf tryggingarverndar.

##### (2) Tryggingarvernd aukin

Ef tryggingarvernd er aukin eftir á gildir 1. mgr. einnig um þessa aukningu tryggingarverndar.

### 2. Vátryggingaskírteini

#### Hvað felst í tryggingarskírteininu?

##### (1) Eigandi

Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til að ráðstafa réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við bótum. En við getum krafist þess að eigandi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

##### (2) Sönnun á ráðstöfunarrétti

Ef bótaþegi hefur veitt öðrum eða afturkallað viðtökurétt eða afsalað sér eða veðsett kröfur þurfum við eingöngu að viðurkenna staðfestingu á þessum rétti frá eiganda tryggingarskírteinis ef sá sem hafði þennan rétt hingaðtil hefur tilkynnt okkur um ráðstöfunina skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

### 3. Þýskur réttur

#### Hvaða réttur gildir um samninginn?

Um samning þennan gildir þýskur réttur.

### 4. Varnarþing

#### Hvar má bera fram kröfur fyrir rétti?

##### (1) Dómstóll með lögsögu í málshöfðunum þínum á hendur okkur

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni má höfða fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem það útibú okkar sem annast samning þinn eða höfuðstöðvar eru. Þú getur líka höfðað mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili eða býrð að staðaldrí ef lögheimili er ekkert þegar málið er höfðað.

Ef vátryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess.

Ef lög heimila að fleiri varnarþing komi til greina sem ekki er hægt að útiloka með samningum, er einnig hægt að höfða mál þar.

##### (2) Dómstóll með lögsögu í málshöfðunum okkar á hendur þér

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum verðum við að höfða fyrir þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert.

Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegan dvalarstað þegar málið er höfðað má höfða mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem útibú okkar sem annast samning þinn er eða höfuðstöðvar okkar eru.

Ef vátryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess. Ef aðsetur þess er óþekkt getum við höfðað mál fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur eða það útibú sem annast samning þinn.

**(3) Lögsaga dómstóls ef búseta er utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss**

Ef þú flytur heimili þitt eða fast aðsetur til ríkis utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss eftir samningsgerð getum bæði þú og við eingöngu höfðað mál samkvæmt tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem höfuðstöðvar okkar eða útibú eru sem annast samning þinn.

**5. Fyrning**

**Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum, lögum samkvæmt?**

**(1) Fyrningarfrestur og ráðandi lagareglur**

Kröfur sem byggja á samningnum fyrnast á þremur árum samkvæmt 195. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB). Nánar um upphaf, lengd og hlé á fyrningu er að finna í 195. til 213. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB).

**(2) Fyrningu frestað meðan greiðsluskylda okkar er í athugun**

Ef okkur berst krafa samkvæmt samningnum er fyrningu hennar frestað þar til þér eða þeim sem lagði kröfuna fram berst ákvörðun okkar skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupósti).

## Hugtakaskýringar

Hér verða mikilvæg hugtök skilgreind. Í texta fyrsta þáttar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi: →Tryggingartaki

### **Virkur bankadagur:**

Virkir bankadagar, einnig nefndir viðskiptadagar, eru þeir dagar þegar lánastofnanir í Þýskalandi eru opnar fyrir almenn viðskipti. Virkir bankadagar eru þar af leiðandi mánudagur til föstudags. Helgar og þýskir helgidagar á landsvísu sem og 24.12. og 31.12 eru ekki virkir bankadagar.

### **Matssjóðir:**

Matssjóðir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi.

### **Reiknistuðull:**

Við lýsingu á reiknistuðlum þeim sem prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar visar til hverju sinni, notum við hugtök úr tryggingastærðfræðinni. Reiknistuðlarnir ráðast einkum af umsömdu iðgjaldi og hæð umsamins lífeyris við skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, af aldri hins tryggða og af lífeyrisgreiðslutíma. Reiknistuðlarnir eru fundnir samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

### **Bótahöfuðstóll:**

Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er reiknaður út samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar út frá forsendum iðgjaldaútreiknings.

### **Framlag í bótasjóð:**

Tryggingarfélagum ber lagaleg skylda til að mynda bótasjóði vegna skuldbindinga gagnvart tryggingartökum. Bótasjóðir samsvara þeirri upphæð sem þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé, ásamt væntanlegum tryggingaiðgjöldum, að fjármagna tryggðar tryggingargreiðslur. Bótasjóðir eru reiknaðir út samkvæmt ákvæðum 341. gr. e og f í verslunarlögum (HGB) og bótasjóðsreglugerð.

### **Kostnaður:**

Kostnaður í skilningi þessara skilmála er sá kostnaður sem tekið var tillit til í iðgjaldaútreikningi (samningsgerðar- og sölukostnaður sem og annar kostnaður). Til annars kostnaðar telst einkum umsýslukostnaður. Til kostnaðar í skilningi þessara skilmála telst auk þess sérstakur kostnaður sem af þér hlýst sem við getum innheimt sérstaklega (sjá C hluta, 3. tölul.).

### **Reiknaður aldur:**

Reikningsaldur er aldur hins tryggða hverju sinni - þá er aldursári sem er hafði en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir.

### **Reiknivextir:**

Reiknivextir eru sú vaxtaþrósentá sem nauðsynleg er til að standa undir tryggðum bótum.

### **Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda:**

Varasjóður fyrir endurgreiðslu iðgjalds (RfB) er ákveðinn tryggingartæknilegur varasjóður í ársuppgjöri vátryggjanda. Þessi varasjóður er ígildi verðmætis krafna tryggingartaka vegna hlutdeildar í framtíðarhagnaði í skilningi verslunarлага.

### **Töflur:**

Töflurnar sem við styðjumst við í tryggingastærðfræðinni lýsa í tölum líkum á og/eða tíðni tiltekinnar atburða. Þær eru grundvöllur útreikninga okkar sem tryggja að við getum staðið við samningsbundnar skuldbindingar okkar.

- Með dánartíðnitöflum er hægt að ætla hverju dánartilvikni tiltekna líkur.
- Með frekari töflum getum við ætlað öðrum tryggingartilvikum, eins og til dæmis skerðingu á líkamlegu eða andlegu atgervi, alvarlegum sjúkdómi, sérhverju batatilfelli o.s.frv. ákveðin líkindi.

Allar töflur eru grundvöllur útreikninga okkar sem tryggja að við getum staðið við samningsbundnar skuldbindingar okkar.

### **Prósentuhlutur í hagnaði:**

Prósentuhlutur í hagnaði eru ákvarðaðir sem prósentuhlutur tiltekinnar reiknistuðla. Slíkt fer fram fyrir hvern hagnaðar- og undirhóp fyrir sig sem og fyrir mismunandi tegundir hagnaðarhluta (sjá tölulíð 2.3, A hluta - Heilsutryggingar). Prósentuhlutur í hagnaði eru tilgreindir hverju sinni í prósentum í viðauka við ársskýrslu okkar eða tryggingartaka er greint frá þeim með öðrum hætti.

### **Ábyrgur tryggingafræðingur:**

Sérhvert tryggingafyrirtæki verður að kalla til ábyrgan tryggingafræðing. Þessi aðili verður að vera áreiðanlegur og hæfur og búa yfir nægilegri kunnáttu í tryggingastærðfræði og starfsreynslu. Ábyrgur tryggingafræðingur skal einkum fylgjast með því að hægt verði til frambúðar að standa við skuldbindingar gagnvart tryggingatökum og að við útreikning á iðgjöldum og framlögum í bótasjóð sé farið að ákvæðum laga (11. gr. a laga um tryggingaæftirlit - VAG).

### **Hinn tryggði:**

Hinn tryggði er sá sem tryggður er með Heilsutryggingu. Hinn tryggði þarf ekki nauðsynlega að vera tryggingartaki.

### **Vátryggingartaki:**

Tryggingartaki er sá sem sótti um trygginguna. Hann er tilgreindur þannig í tryggingarskírteininu. Réttindi og skyldur sem kveðið er á um í tryggingarskilmálunum eiga fyrst og fremst við um tryggingartaka sem viðsemjanda okkar.

**Allianz Lebensversicherungs AG**

## Kostnaðaryfirlit vegna aukalegrar umsýslu

Ef eitthvað sérstakt af þínum völdum orsakar aukalega umsýslu gilda eftirfarandi kostnaðarliðir, ef tryggingarskilmálar samningsins gerir ráð fyrir slíkum aðstæðum.

Nr.	Atriði	Upphæð	Krafa
1	Útgáfa aukaeintaks af tryggingarskírteini eða afrit af tryggingarskírteininu	20 evrur	ekki um þessar mundir
2	Veiting gjaldfrests þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd	3 evrur	ekki um þessar mundir
3	Úrvinnsla greiðslna í vanskilum	20 evrur	ekki um þessar mundir
4	Úrvinnsla endursendra skuldfærslubeiðna	3 evrur	Já
5	Frágangur breytinga á samningi	40 evrur	ekki um þessar mundir
6	Vinna við afsöl og veðsetningar	25 evrur	ekki um þessar mundir
7	Öflun einstakra yfirlýsinga ef undanskilja á einhvern frá þagnarskyldu	15 evrur	ekki um þessar mundir
8	Millifærsla iðgjalds frá þér frá stað utan SEPA-greiðslusvæðis* eða millifærsla greiðslu frá okkur til staðar utan SEPA-greiðslusvæðis*	35 evrur	ekki um þessar mundir

Staða: 01. júní 2015

\* Frá 01. ágúst 2014 gildir SEPA-greiðslusvæðið og ekki lengur Þýskaland.